

28.11.1994/RA.

**Tillögur til breytinga og athugasemdir
sem fram komu í umræðum um
frumvörp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla
I. og 8. nóv. 1994.**

Í yfirliti þessu er einungis getið beinna tillagna um breytingar og/eða athugasemda varðandi einstök efnisatriði í framangreindum frumvörpum. **Beinar tillögur um breytingar á einstökum ákvæðum eru feitletraðar.** Verulegur hluti umræðna um málin varðaði atriði tengd flutningi grunnskóla til sveitarfélaga, kjaramál kennara o.fl. Athugasemda þess efnis er ekki getið nema í þeim felist beinar breytingartillögur.

Menntamálaráðherra:

- * Hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeildum. Mmrh. sagði m.a.: "Ég tel að tryggja þurfi með einhverjum hætti að allir nemendur í námshópum, hvort heldur er bekkjardeildum eins árgangs, eða í samkennsluhópum, fái notið kennslu við hæfi" Síðan velti hann fyrir sér hvernig mætti leysa þetta og sagði m.a.: "Ég vil hvetja hv. alþm. til að velta upp fleiri hliðum þessa vandasama máls. Ekki er víst að ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekk skili okkur þeim árangri sem að er stefnt. Þó vil ég taka fram að ég mun ekki leggjast gegn því að slíkt ákvæði verði sett í frv. ef sú skoðun verður ofan á í umræðunni á Alþingi."
- * Til greina komi að einhverjir sérskólar mættu vera áfram hjá ríkinu, nefndi sérstaklega Heyrnleysingjaskólann. Sjálfsagt að athuga það betur.
- * **11. gr. Skólahverfi.** Réttmætar ábendingar um að sveitarfélögin ættu að hafa heimild til þess að ákveða sjálf skiptingu sveitarfélaganna í skólahverfi og hvort skólanefndir verði fleiri en ein. Vonast til að menntamálanefnd athugi það sérstaklega.
- * 30. gr. Tungumálakennsla. Hefur látið í ljós efasemdir um að rétt sé að taka enskuna sem fyrsta erlenda málið en undirstrikar að verði sú ákvörðun tekin, sem verði ekki lagaákvæði heldur ákvæði í námskrá, þá felist ekki í því að eitthvað sé verið að slaka á kröfum um kennslu í norrænum málum. Ef við séum ekki sannfærð um að kröfunum verði haldið eftir sem áður þá eigum við ekki að gera þetta. Orðrétt sagði ráðherra: "Ég vil þess vegna athuga þetta alveg sérstaklega og hef, eins og áður sagði, látið í ljós efasemdir um að það væri rétt."
- * 37. gr. Sérkennsla. Hefði talið að réttur nemenda væri ekkert síður tryggður skv. frv. en er í gildandi lögum. Vill þó taka skýrt fram að ef menn telja að svo sé ekki þá verði það athugað alveg sérstaklega í menntamálanefnd "vegna þess að ég er alveg sannfærður um það að við hv. þingmenn erum allir sammála um að þessi atriði þurfi að tryggja."

Pétur Bjarnason:

- * Samræmd próf of oft skv. frv. Megi hugsa sér 7. bekkjarpróf með slíkri könnun,

hliðstætt gamla barnaprófinu, kannski þó ekki með nákvæmlega sama móti og samræmd próf sem nú eru í 10. bekk.

- * **33. gr.: Í stað orðanna "sérstök stofnun" komi Námsagagnastofnun.**
- * Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga verði komið inn í frumvarpið. Það væri hægt að hugsa sér ýmsar leiðir til þess, en það sé nauðsynlegt að þarna sé fullt samráð.
- * Endurskoða að engar takmarkanir séu á fjölda í námshópum.
- * Skilgreina þarf eftirlitið betur, hvernig á það að fara fram, hvernig á að sinna því, verða eftirlitsmenn á vegum ráðuneytisins, verða þeir staðsettir í Reykjavík, verða skrifstofur ráðuneytisins einhvers staðar úti um landið ?
- * Skv. greinargerð sé óljóst hvað átt sé við með málsverðum.
- * Of mikið vægi skólanefnda verði skoðað sérstaklega. Ef þær eigi að sinna meira innra starfi skólanna þá verði að gera kröfur um að þær séu skipaðar fólki sem er hæft og hefur þekkingu, sem aftur megi líta á að ekki er alls staðar auðvelt að uppfylla.
- * Stoðkerfi byggt í kringum fræðsluskrifstofur hugsanlega í uppnámi.
- * Of mikil völd skólastjóra, óhætt að kveða á um að hann hefði samráð við tiltekna aðila. Velti því upp hvort ákvæði um að kennararáð væri skólastjóra til ráðuneytis væri þýðingarlaust í þessu ljósi.
- * Miður að ekki sé lengur opinn sá möguleiki að foreldra- og kennarafélög séu starfandi.
- * 21. gr. Hvað með eignir fræðsluskrifstofa og ýmsar aðrar eignir sem eru tilkomnar með framlagi ríkis að miklu leyti.
- * 28. gr. óskýr. Engin ákvæði þar um önnur leyfi en jóla- og páskaleyfi eða að sett verði reglugerð eða skóladagatal varðandi það atriði. Ekki getið um aðra frídaga, spyr hvort einhverrar breytingar sé að vænta varðandi þessi atriði.
- * Fram komi misræmi í 14. gr. annars vegar og 23. gr. hins vegar, annars vegar sé talað um kennslumagn í stöðugildum hins vegar að tólf starfsmenn komi í stað 10 kennara.
- * Sérkennarar hvergi nefndir og sálfræðingar tæpast, spyr um ástæðu þess?
- * Dönskukennsla megi ekki verða afgangsstærð.
- * **III.k. gerð skólamannvirkja. Ekkert rætt um að samráð skuli hafa við það fagfólk sem á að starfa í skólunum, skólastjóra eða kennara. Telur mjög þýðingarmikið að það verði gert ekki bara í 18. gr. heldur í öllum greinum III. kafla. Í 19. gr. sé heilsugæsluaðstaða felld út en komi síðan aftur inn í 55. gr. Spyr af hverju þurfi að telja hana sérstaklega, af hverju hún geti ekki komið inn undir sama lið og annað undir 19. gr. Ekkert nefnt í ákvæðinu um aðstöðu til sérkennslu eða aðstöðu til sálfræðipjónustu.**

- * 20. gr. Samráð mikilvægara á öðrum vettvangi en varðandi nafngift skóla.
- * 22. gr. Hér er dæmi um ósamræmi milli greina þar sem skólanefnd er ekki falið ákveðið hlutverk skv. þessu ákvæði. Ýmislegt hér óunnið í samræmingarátt, sbr. t.d. ósamræmi milli 14. og 23. gr. hverjir eru starfsmenn skóla ? **Skilgreina þarf hver er starfsmaður skóla.**
- * 23. gr. **Hér eigi skólastjóri að hafa afgerandi völd til að ráða starfsmenn en fyrirkomulagið á ekki að vera þannig að sveitarstjóri eða einhver áhrifamaður í sveitarfélaginu geti sett kennara undir skólastjóra hvort sem hann vill það eða ekki.**
- * Ekki orð um námsráðgjafa í frv. Hvaða skýringar eru á því?
- * 2. mgr. 24. gr. Velti fyrir sér hvort orðin "samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar" ættu við um alla greinina? Þá vakni sú spurning hvort ákvæði um kennaranema eigi að vera þarna inni þar sem það séu kennaramenntunarstofnanir sem komi þarna inn og einhverjir samningar þurfi að vera í gildi um hvernig þjónusta við það eigi að vera og það sé kannski ekkert óeðlilegt að það sé á opinberum vettvangi.
- * 25. gr. Er eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga annist rekstur sjóðsins og varðveiti hann? Er samtökum kennara ekki trúandi fyrir því að fara með sjóðinn?
- * Sérfræðipjónusta skóla. Vantar tryggingu fyrir því að sveitarfélög geti annast þá þjónustu. Eiga höfuðborgin og smá sveitarfélög sömu möguleika í því efni? Verður ekki að gera kröfu til landshlutasamtaka eða sveitarfélaga um að lagðar séu fram hugmyndir um hvernig þessu verður háttað og ráðuneytið ætli sér að samþykkja eða hafna þeim hugmyndum eftir því hvort þær standi undir þeim kröfum sem verður að gera?
- * Samkennsla. Samkennsluformið sé ríkjandi form í meira en helmingi grunnskóla á Íslandi. Inn í frv. verði tekin ákvæði um hámarksfjölda í bekk og þar með ákvæði um hvernig með samkennslu skuli fara.

Svavar Gestsson:

- * Lagði til að málið yrði sent til umfjöllunar hjá millipinganefnd.
- * 37. gr. Stoðkennsla og sérkennsla í uppnámi. Ganga þurfi frá þeim þáttum þannig að 100% öryggi ríki. **37. gr. ekki nægilega skýr. Hugsanleg reglugerðarákvæði gagni ekki heldur þurfi að vera skýrt og skilmerkilega kveðið á um þetta í lögnum sjálfum.** Er eðlismunur á orðunum: "...eiga rétt á kennslu við sitt hæfi..." í 54. gr. núg. laga og orðunum: "...eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi." í 37. gr. frv.? Telur að með orðalagi 37. gr. frv. séu börnin ekki örugg með sérkennsluna af því að í 54. gr. er ríkið að leggja kvaðir á sjálft sig en í frv. er verið að leggja kvaðir á aðra aðila.
- * Sérskólar. Óvissa um málefni sérskólanna. **Telur að margir sérskólar ættu að vera hjá ríkinu og hvetur til þess að menntamálanefnd setjist yfir það að eitthvað**

meira af þessum skólum en Heyrnleysingjaskólinn verði áfram hjá ríkinu.

- * Mótmælir námsvistargjaldi.
- * Blöndun í bekki komi ekki til greina nema sérkennsla verði tryggð.
- * 42. gr. Sér eftir ákvæði núg. grunnskólalaga um námsráðgjöf og telur ekki rétt að leggja að jöfnu námsráðgjöf og sálfræðipjónustu.
- * **Ákvæði um hámarksstærðir hópa eigi að vera inni, sbr. gagnrýni samtaka sveitarfélaga.**
- * Samstarf oft erfitt bendir á 11. gr. í því sambandi, engin ákvæði um það með hvaða hætti samstarf eigi að vera.
- * 11. gr. skólahverfi. Kom aldrei til tals að sett yrði ákvæði um hámarksstærð skólahverfa þannig að Reykjavík yrði t.d. hugsanlega skipt upp í skólahverfi? **Kemur til greina að heimila sveitarfélagi að skipta sér í fleiri skólahverfi þó að það sé ekki skylt í lögnum? Er ekki nauðsynlegt að taka fram að sveitarfélagi sé skylt að eiga aðild að skólahverfi?**
- * 33. gr. námsgagnagerð. Er verið að leggja Námsgagnastofnun niður? Sveitarfélög greiði fyrir öll námsgögn?
- * **Aukin fagleg miðstýring, fræðsluskrifstofur felldar út, úrskurðarmál hjá ráðherra. Þessu verði að breyta ef eitthvað eigi að vinna með frv. á þessu þingi.**
- * Af hverju er verið að fella skólaráð út? Engin rök fyrir því.
- * Ótrúlegt að sveitarstjórn semji um áfanga, fagstjórn o.fl. Á KHÍ að semja við einstakar sveitarstjórnir?
- * Skólanefndir. Óeðlilegt að ætla pólitískt kjörnum nefndum að fjalla um fagleg málefni.

Kristín Ástgeirsdóttir:

- * 2. gr. Óþarft að hafa "kristilegt siðgæði" í lagatexta.
- * Velti fyrir sér hvort skipta ætti Reykjavík í fleiri skólahverfi, slíkt hefði þó væntanlega bæði kosti og galla.
- * Skólanefndir. Gerði athugasemd við það að foreldrar eigi ekki beina og fulla aðild að skólanefndum.
- * **Taldi að athuga þyrfti hvort skólastjórar ættu ekki að hafa meira um ráðningu kennara að segja en gert væri ráð fyrir í frumvarpinu.**
- * Velti fyrir sér hvernig þjálfun kennaranema yrði háttað, hvort KHÍ ætti að gera samninga við alla grunnskóla í landinu og hvernig tryggt yrði að kennaranemar fengju

nauðsynlega þjálfun. Einnig varðandi endurmenntun kennara. **Benti á að þá þyrfti að skoða nánar ákvæði um endurmenntunarsjóð.**

- * 29. gr. Hver á að semja námskrána, hvernig verður að því staðið, hverjir koma að því verki? Varðandi markmiðsákvæðið í greininni velti hún fyrir sér hvað teldist mismunun, t.d. kyngreining bekkja?
- * 35. gr. Eðlilegra að nemendur lykju skóla heldur en að gefið væri svigrúm til leyfis frá námi. Hver er hugsunin að baki?
- * Sérkennsla/sérskólar. Gengur dæmið upp? Óviðunandi að þjónustan verði á nokkurn hátt skert.

Petrína Baldursdóttir:

- * Kvaðst telja vanta skýrari ákvæði um tengsl grunnskóla og leikskóla, sbr. 10. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994. Að vísu væri lítillaga kveðið á um þetta atriði í 42. gr. frv.
- * 35. gr. Bætt yrði við lok 2. mgr.: "að fengnum ummælum leikskólastjóra".
- * Skilur áhyggjur vegna aukins vægis skólanefnda og telur mikilvægt að stjórn mála flokkar vandi val sitt á fulltrúum skólanefnda.
- * **Hefði viljað sjá að fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra ættu rétt til setu á skólanefndarfundum með tillögurétti.**

Jóhanna Sigurðardóttir:

- * **Ákvæði til bráðabirgða þarf að orða skýrar og gera ítarlega kostnaðaráætlun um hvernig að því verði unnið að koma á einsetnum grunnskóla.** Einnig mikilvægt að lagt verði fram samhliða þess frumvarpi frumvarp til laga um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga.
- * Lýsti yfir áhyggjum vegna vafaatriða um námsgagnagerð, bæði fjármagni og hvort gögnin gætu orðið mismunandi milli sveitarfélaga.
- * **Vekur spurningar að fella út ákvæði um hámarksfjölda í bekkjum.** Þetta ákvæði þurfi að fá mjög ítarlega umfjöllun á Alþingi, ekki síst í menntamálanefnd. Brýnt að fækka í bekkjum og að sett verði þak á fjölda í bekkjardeild eða byggt á e.k. hámarksstundafjölda kennara á hvern nemanda.
- * **37. gr. of óljós.** Þunginn settur í reglugerð. Óviðunandi að Alþingi afgreiði málið með þessum hætti. Minnr á stefnumarkandi ákvæði í núgildandi grunnskólalögum um að hverfa frá sérskólum fyrir fatlaða og efla og styrkja sérkennsluúrræði í almennum skólum. Fráhvarf að gera ráð fyrir því að sérskólar séu hluti grunnskólakerfisins, sbr. 38. gr. Hagsmunasamtök fatlaðra hafi áhyggjur af þessari framsetningu. Í núgildandi lögum og í reglugerð um sérkennslu sé réttur barna til sérkennslu mun betur tryggður en í frv., þar sem m.a. sé kveðið á um rétt barna til sérstaks fjármagns sem notað er þeim til góða með sérkennslu sem sýnist felld niður.

Spyr hvað þýði að réttur fatlaðra eða þeirra sem búa við námsörðugleika skuli fara fram í heimaskólum nemenda eins og frekast er kostur? **Telur rétt að skoða að setja í frv. ákveðinn fjárhagslegan ramma um umfang sérkennslu og að skyldur sveitarfélaganna í því efni séu skýrar og klárar og ótvíræðar.**

- * Veltir því upp hvort námsmat sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé of einhæfur mælikvarði. Einnig þurfi að fylgja niðurstöðum eftir með sérkennsluúrræðum sem séu óljós skv. frv.

Sigríður Anna Þórðardóttir:

- * **Tilbúin að skoða beina aðild foreldra að skólanefndum mjög gaumgæfilega í menntamálanefnd.**

Valgerður Sverrisdóttir:

- * Mun menntamálaráðuneyti hafa eftirlit með því að sveitarfélögin uppfylli skyldur sínar hvað varðar aðalnámskrár grunnskóla ?
- * Skólanefndir. Þagnarskylda o.fl. þarf að vera ljóst. Skipun þeirra þarf að skoða í menntamálanefnd þar sem um er að ræða viðkvæm mál og lítil sveitarfélög hafa t.d. beðist undan að skipa barnaverndarnefndir á sveitarstjórnar-"basis". Vel komi til greina að foreldrar hafi atkvæðisrétt í skólanefndum.
- * Spyr um orðalag 25. gr. hvort ekki sé lengur verið að tala um námsleyfi á fullum launum?
- * Af hverju er danskan ekki lengur kjarnagrein ?
- * **Skoða mjög alvarlega í menntamálanefnd hvort ekki sé ástæða til að hafa inni ákvæði um hámarksfjölda í bekkjum.**
- * Líst ekki á samræmd próf í 4. bekk en líst vel á hugmyndir um að draga út einhver ákveðin fög þegar próf nálgast.

Kristín Einarsdóttir:

- * **11. gr.** Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því að sveitarstjórn geti skipt einu sveitarfélagi upp í mörg skólahverfi? Sbr. t.d. hlutverk skólanefnda skv. 12. og 13. gr. þegar fulltrúar kennara og skólastjóra sitja fundina, gæti verið gott að hafa minni hverfi þegar litið er til eðlis þeirra mála sem skólanefndir eiga að fjalla um.
- * Skólastjórar komi að ráðningu kennara.
- * Innra eftirlit gæti verið erfitt og dýrt í framkvæmd í litlum skólum.
- * Hvaða úrræði hefur menntamálaráðherra þegar sveitarstjórn stendur ekki við lög, getur það ekki eða gerir það ekki? Hvaða úrræði hefur ráðherra til að tryggja að nemendur

fái þá kennslu sem þeim ber samkvæmt lögum?

- * **Mótfallin því að færa ensku fram fyrir dönsku.**

Elín R. Líndal:

- * **Starfstími grunnskóla og fjölgun kennslustunda.** Í skólum þar sem heimanakstur er sé þetta of langur tími auk aksturs í skólabíl. **Óviðunandi að ekki sé tekið tillit til þessa hóps og óskar eftir að þetta atriði verði skoðað.**
- * **Biður menntamálanefnd að athuga sérstaklega samkennsluþáttinn, þegar t.d. tveimur bekkjum er kennt saman.** Til séu skólar úti á landi sem fari ákaflega illa út úr samkennsluþættinum.
- * **Tekur undir að hámarksfjöldi í bekkjum sé tilgreindur.**
- * **Mikilvægt að áfram verði í lögum ákvæði sem veitir svigrúm fyrir sumarskóla.**

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

- * **Spurði hvernig unnt væri að bæta verkmenntakennslu verði frumvarpið að lögum, hvernig það væri hugsað, taldi b. - lið 30. gr. frv. ekki nægilega skýran að þessu leyti.** Mikilvægt ef efla á þennan þátt á framhaldsskólastigi að grunnurinn sé lagður á leikskóla- og grunnskólastigi. Gefa þurfi þessu atriði mjög góðan gaum í menntamálanefnd.
- * **Ákvæði um fjölda nemenda í bekkjum vanti.**
- * **36. gr.** Hvernig á að nú utan um framkvæmd ákvæðisins og tryggja nýbúum kennslu? Hvað með fjárveitingar? Á að taka þær af "sérkennslukvóta"?
- * **Stórum sveitarfélögum verði veitt heimild til að skipta í fleiri skólahverfi.**
- * **Ekki áætlað ákveðið fjármagn til hvers nemanda í námsgögn.** Eðlilegt að skóli fremur en sveitarfélag ákveði hvenær heppilegt sé að afhenda nemendum bækur til eignar.
- * **Ekki inn í frv. ákvæði sambærilegt 41. gr. núg. grunnskólalaga um afslátt á kennsluskyldu eftir 55 ára aldur.**
- * **29. gr. og 2. gr.** Mótsögn í því að koma skuli í veg fyrir mismunum vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar en síðan í 2. gr. að starfshættir skóla eigi að mótast af kristilegu siðgæði. Fær ekki séð hvernig þeir sem tilheyra t.d. öðrum trúarhópum eða engum trúarhópum eigi að finna sig í þessu orðalagi.

Páll Pétursson:

- * **Fræðsluskrifstofur og sérskólar í vindinum og skólabúðir á Reykjum í Hrutafirði**

óafgreiddar.

- * Ekki ástæða til þeirrar leyndar sem frv. gerir ráð fyrir varðandi próf.
- * **57. gr. Breyta verði gildistökuákvæði 57. gr. "Forhlaupin tíð" að ætlast til þess að yfirfærslan taki gildi 1. ágúst 1995. E.t.v. fastsetja 1. janúar 1996 eða fresta því um óákveðinn tíma. Hins vegar skynsamlegt að lögleiða ákveðinn hluta frumvarpsins og kannski mestallt frumvarpið þannig að menn vitji að hverju þeir ganga og afgreiða frv. með einhverjum hætti með sveigjanlegan gildistíma, þannig að gildistaka ákvarðist af Alþingi þegar allir endar hafa verið hnýttir og yfirfærslan færi þá fram.**

Ragnar Arnalds:

- * 50-200 manna sveitarfélög of smáar einingar til að taka við svo ábyrgðarmiklu hlutverki. **Hefði talið koma til greina að afhenda völdin samtökum sveitarfélaga á stærri svæðum t.d. þannig að miðað yrði við hvert fræðsluumdæmi eins og það er í dag, þ.e. í hverju kjördæmi. Önnur leið væri sú að fela þetta héraðsnefndnum. Sbr. að samtök sveitarfélaga standa að rekstri framhaldsskóla.**
- * 57. gr. Lokamálsgreinin furðuleg lagagrein. Að menntamálaráðherra geti ákveðið hvað af kostnaði lendi á sveitarfélögunum og hvað ekki og að það skipti í raun og veru engu máli hvaða ákvarðanir hafi verið teknar um það í Alþingi.
- * Vill að skipuð verði millipinganefnd til að undirbúa málið í heild.

Ágústa Gísladóttir:

- * Óttast að að við flutning grunnskólans og þar með talið sérskóla eins og Öskjuhlíðarskóla, Hvammshlíðarskóla og Heyrnleysingjaskólann frá ríki til sveitarfélaga þá verði ekki nægilega tryggt jafnrétti til náms. Spyr hvort tryggt verði að landsbyggðarnemendur fái pláss í þessum sérskólum?
- * Spyr af hverju ekki sé í frv. ákvæði hliðstætt 41. gr. núg. grunnskólalaga?
- * Orðið sérkennsla sé hvergi í frv. Telur að það veiki stöðu sérkennslubarna í skólakerfinu. Tryggja verði þessum nemendum rétt til skólagöngu með sérþjónustu og með lagaákvæðum, annars verði um afturhvarf að ræða.
- * Fræðsluskrifstofur sbr. 16. gr. núg. grunnskólalaga gegni veigamiklu hlutverki, ekki bara veitt þar sérfræðiþjónusta heldur líka gætt réttar nemenda hvað varðar sérkennslu og veitt aðhald í skólum. Í staðinn eigi skv. frv. að koma sérfræðiþjónusta sveitarfélaga. Ef aðhaldið sé flutt til misvitra skólanefnda og til menntamálaráðuneytis þá sé hætt við að einhver börn "týnist". Hvað verður um kennslugagnasafnið, myndbandaútlánin og alla þá ráðgjöf sem fræðsluskrifstofur hafa veitt kennurum og foreldrum?
- * Skv. 33. gr. frv. er sveitarfélögum frjálst að skipta við Námsgagnastofnun eða einhverja

aðra bókaútgefendur. Hver á þá að hafa eftirlit með því að námsgögn í hverju og einu sveitarfélagi uppfylli skilyrði laga og aðalnámsskrár? Ætlar ríkisvaldið að tryggja að ætíð séu til heppileg sérkennslugögn?

- * Skólanefndir. Aukin völd þeirra áhyggjuefni ef ekki sé tryggt að í þeim sitji fulltrúar með fagþekkingu og hafi þar atkvæðisrétt. Í smærri sveitarfélögum gæti verið erfitt að manna skólanefndir með fagfólki, sem ekki séu beinir hagsmunaaðilar. Hefur áhyggjur af því að misvitrir fulltrúar í skólanefndum fari að hlutast um of um verksvið kennara, eins og markmið og leiðir.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

- * 2. gr. Finnst vanta inn í ákv. ábyrgð á eigin atferli, þ.e. þegar börn brjóta gagnvart umhverfi sínu og jafnöldrum sínum.
- * Skólahverfi. Hugsanlega eðlilegt að heimilt væri að skipta stærstu sveitarfélögnum í fleiri en eitt skólahverfi. Telur og að orðið "skólaumdæmi" henti hér betur þar sem skólahverfi sé í hugum manna hverfið í kringum einn tiltekinn skóla.
- * 12. gr. Sérfræðipjónusta eiginlega í lausu lofti ef frv. verður að lögum. Augljóst að leggja á niður fræðslustjóra og alla þá starfsemi sem fer fram á fræðsluskrifstofum. Hvað á að koma í staðinn? **Nánari skilgreiningu á þeirri þjónustu, hvernig hún á að vera framkvæmd og framreidd vanti algjörlega í frv.** Telur mjög varhugavert að láta þetta fara svona í lausu lofti. Í 12. og 42. gr. er ennþá talað um sérkennslu og sérfræðipjónustu. Hún er e.k. feimnismál í frv., fróðlegt að vita hver hugsunin sé viðvíkjandi þessari þjónustu. Á hún bara allt í einu að gufa upp og verða að engu eða hvernig á eiginlega að skipuleggja hana. Þörf fyrir þessa þjónustu mun frekar aukast en minnka.
- * 27. gr. Nauðsyn á ákvæði um það að sveitarfélög standi undir þeirri þjónustu sem veita á í lengdum viðverutíma.
- * Fjöldi í bekkjum. Slæmt ef ekki verður kveðið á um það að bekkjardeildir séu tiltölulega smáar, einkum og sér í lagi yngstu bekkjardeildirnar. Hafa verður í huga að á leikskóla annast ein manneskja 8 börn. Þetta verður að hafa í huga og gæta þess að breyting verði á svo að í hverri bekkjardeild, einkum og sér í lagi í yngstu bekkjunum séu færri börn.
- * IV. kafli. Starfsfólk skóla. Ath. hlut ófaglærðra eða "starfslærðra". Biður menntamálaráðherra að athuga þetta mjög vandlega.
- * 30. gr. Minnkandi vægi Norðurlandamála vanhugsað og óskynsamlegt.

Guðrún Helgadóttir:

- * 30. gr. Enska sem fyrsta mál. Gæti breytt allri sjálfsvitund Íslendinga. Ef ekki vilji fyrir dönsku e.t.v. velja þá það norrænt tungumál sem er nær okkur og

auðveldara að bera fram.

* Hefur áhyggjur af sérkennslu og sálfræðipjónustu.